




HÁSKÓLI ÍSLANDS



Stofnun Fræðasetra Háskóla Íslands

Skýrsla

Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands árið 2009

Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands	3
Fræðasetrið á Hornafirði	4
Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi, Selfossi og Gunnarsholti.....	5
Háskólasetur Suðurnesja, Sandgerði.....	5
Háskólasetur Snæfellsness, Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands, Stykkishólmi	6
Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra, Skagaströnd	9
Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðausturlandi, Húsavík.....	9
Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Austurlandi, Egilsstöðum.....	10

Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands

Stofnun fræðasetra Háskóla Íslands er rannsókn- og þjónustustofnun sem heyrir undir Háskólaráð. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni og byggist á rannsókn- og fræðasetrum Háskóla Íslands um allt land. Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir Háskóla Íslands á landsbyggðinni, auka möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf. Starfsemin hefur notið mikillar velvildar heimamanna og stjórnvalda.

Á árinu 2009 voru starfandi fræðasetur átta talsins, en Rannsókn- og fræðaseturs Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra, Skagaströnd hóf göngu sína á árinu og á Suðurlandi voru rannsókn- og fræðasetur sameinuð í eitt setur, sem er með aðstöðu í Gunnarsholti á Rangárvöllum og á Selfossi. Engin starfsemi var í Vestmannaeyjum árið 2009.

Ársverk voru 19 hjá Stofnun fræðasetra á árinu, en auk þess nýttu rúmlega 20 meistara- og doktorsnemar aðstöðu á setrunum á árinu.

Öll setrin eru faglega sjálfstæðar einingar og tengjast rannsóknir þeirra sérstökum aðstæðum á hverju svæði. Þrjú megin áherslusvið eru þó áberandi: Umhverfisrannsóknir og landnýting, rannsóknir í ferðamálum og rannsóknir á lífríki hafsins. Allt eru þetta rannsóknasvið sem mikill áhugi er á um allt land og gefa tilefni til samstarfs milli setranna og við Háskóla Íslands í Reykjavík.

Forstöðumaður Stofnunar fræðasetra Háskóla Íslands og stjórnarformaður er dr. Rögnvaldur Ólafsson. Aðrir starfsmenn árið 2009 voru Birna Gunnarsdóttir og Ásta Erlingsdóttir verkefnisstjórar hjá Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, en þær sinntu stjórnslustörfum fyrir stofnunina.

Stjórn stofnunarinnar er auk stjórnarformanns skipuð þeim Erlu Björk Ólafsdóttur framkvæmdastjóra Varar sjávarrannsóknna við Breiðafjörð, Hreini Haraldssyni vegamálastjóra, Jörundi Svavarssyni prófessor við HÍ og Rannveigu Ólafsdóttur dósent við HÍ.

Ársfundur undir yfirskriftinni „Lifað með landinu“ var haldinn 14. maí í Gunnarsholti á Rangárvöllum, en ný starfstöð var tekin í notkun þar á árinu. Kristín Ingólfssdóttir rektor Háskóla Íslands og Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri höfðu framsögu á fundinum, og fulltrúar allra fræðasetranna kynntu rannsóknir sem fram fara á vegum stofnunarinnar. Fundarstjóri var Sigurður Sigursveinsson framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands.

Vísindavaka. Í september tóku nokkur fræðasetur þátt í Vísindavöku á vegum RANNÍS og vöktu að vanda mikla athygli gesta, með fróðlegum kynningum á starfsemi setrana.

Fræðasetrið á Hornafirði

Fræðasetrið á Hornafirði var stofnað 30. nóvember 2001. Meginhlutverk þess er að auka þekkingu á umhverfi, náttúrufari, menningu og samfélagi á Suðausturlandi, bæði með sjálfstæðum rannsóknum og með því að veita fræðimönnum og nemendum, erlendum jafnt sem innlendum, aðstöðu til rannsókna- og fræðastarfs heima í héraði. Fræðasetrið er til húsa í þekkingarmiðstöðinni Nýheimum á Höfn og tekur virkan þátt í margvíslegri starfsemi þar, m.a. í tengslum við nýsköpun og þekkingarmiðlun, auk þess að vera í samstarfi við Þórbergssetrið á Hala í Suðursveit. Sumarið 2008 var komið á fót nýrri starfsstöð setursins á Kirkjubæjarklaustri sem rekin er í samvinnu við Kirkjubæjarstofu. Í stjórn Fræðasetursins sitja þrjú fulltrúar Háskóla Íslands; Rögnvaldur Ólafsson (formaður), Helgi Björnsson og Karl Benediktsson, ásamt Stefáni Ólafssyni, fulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar, og Bjarna Daníelssyni, fulltrúa Skaftárhrepps.

Forstöðumaður setursins er Dr. Þorvarður Árnason, umhverfis- og náttúrufræðingur, sem tók við því starfi um mitt ár 2006. Auk hans störfuðu árið 2009 fjórir fastráðnir starfsmenn í aðalstarfsstöð fræðasetursins á Höfn og einn í starfsstöðinni á Kirkjubæjarklaustri. Lausráðnir starfsmenn árið 2009 voru fjórir. Fjöldi nemenda vinnur að rannsóknum í verkefnum á vegum setursins eða sem tengjast því; árið 2009 voru doktorsnemar í slíkum verkefnum þrjú, en meistaranemar níu, þar af þrjú með aðsetur í Nýheimum. Námsverkefni eru unnin á ólíkum sviðum en flest falla þó undir umhverfis- og auðlindafræði, heimspeki, ferðamálafræði, landfræði eða bókmenntafræði.

Meginviðfangsefni Fræðasetursins á Hornafirði eru rannsóknir á sviði umhverfismála og náttúruverndar svo og fjölbreytt rannsókna- og þróunarverkefni sem lúta að sjálfbærri ferðaþjónustu og/eða annarri nýsköpun í greininni. Við setrið eru einnig stundaðir rannsóknir á bókmenntum og listum og þar hafa enn fremur verið unnin verkefni í landfræði, jöklafræði og þjóðfræði. Viðamestu verkefni Fræðasetursins árið 2009 voru (a) ráðgjöf við gerð verndaráætlana fyrir tvö af fjórum rekstrarsvæðum Vatnajökulsþjóðgarðs, (b) verkefnið *Íslenskt landslag – flokkun og verðmætamat* unnið í samstarfi við Líffræðistofnun H.Í. fyrir Rammáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, og (c) *Northern Environmental Education Development project (NEED)*, samstarfsverkefni með stofnunum í Finnlandi, Noregi og Írlandi um þróun umhverfismenntar og fræðandi ferðaþjónustu í tengslum við friðlýst svæði, styrkt af Norðurlóðaáætlun Evrópusambandsins. Meðal annarra verkefna má nefna rannsóknir á höfundarverki Þórbergs Þórðarsonar, rannsóknir sem varða mat á sjálfbærni staðbundinnar matvælaframleiðslu (samstarfsverkefni með Mátis o.fl.) og ýmis samstarfsverkefni með Ríki Vatnajökuls ehf., ferðaþjónustu-, menningar- og matvælaklasa Hornafjarðar.

Árið 2009 var haldið eitt vettvangsnámskeið við Fræðasetrið fyrir íslenska nemendur. Setrið hafði einnig milligöngu um komu tveggja erlendra námshópa til Hornafjarðar og annaðist kennslu fyrir annan þeirra að hluta. Haldnar voru tvær ráðstefnur á vegum Fræðasetursins á árinu, auk ýmissa minni málþinga, og starfsmenn þess tóku m.a. þátt í tveimur ráðstefnum sem haldnar voru erlendis í tengslum við NEED-verkefnið. Fræðasetrið tók jafnframt þátt í skipulagi ráðstefnu International Glaciological Society sem haldin var á Höfn og sá m.a. um tvær vettvangsferðir fyrir ráðstefnugesti. Þá tók starfsmenn setursins þátt í tveimur ráðstefnum á vegum Norðurlóðaáætlunar ESB og voru meðskipuleggendur annarrar þeirra sem haldin var á Höfn. Forstöðumaður setursins flutti fyrirlestra á tveimur erlendum og átta innlendum ráðstefnum á árinu, auk fjölmarga styttri erinda.

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi, Selfossi og Gunnarsholti

Rannsóknasetrið tók til starfa vorið 2009. Starfsstöðvar þess eru við Tryggvagötu 36 á Selfossi þar sem setrið deilir húsnæði með Háskólafélagi Suðurlands og Fræðsluneti Suðurlands og í Gunnarsholti á Rangárvöllum í höfuðstöðvum Landgræðslu ríkisins.

Stjórn hefur ekki verið skipuð. Forstöðumaður setursins er Dr. Tómas Grétar Gunnarsson vistfræðingur

Fastráðnir starfsmenn setursins voru tveir lungann af árinu 2009. Þá stunda nokkrir framhaldsnemar rannsóknir í tengslum við setrið. Gistinætur erlendra samstarfsmanna í ýmsum verkefnum voru rúmlega 300 á árinu, flestir komu frá Bretlandi en einnig heimsóttu fræðimenn frá Frakklandi og Portúgal setrið.

Viðfangsefni setursins eru einkum á sviði landnotkunar og er markmiðið að bæta grunn þekkingar sem nýtist þegar ákvarðanir eru teknar varðandi ráðstöfun auðlinda á landi, sem dæmi má nefna rannsóknir á uppbyggingu vistkerfa í samstarfi við Landgræðslu ríkisins, rannsóknir á samspili landbúnaðar og líffræðilegrar fjölbreytni í samstarfi við University of East Anglia og British Trust for Ornithology í Bretlandi, auk rannsókna á þýðingu hálfgróinna áreyra fyrir heimsstofn spóa en þær rannsóknir eru í höndum meistaranema. Fjölmörg önnur verkefni eru í undirbúningi.

Háskólasetur Suðurnesja, Sandgerði

Háskólasetur Suðurnesja var stofnað árið 2004 og er staðsett að Garðvegi 1 í Sandgerði. Þar eru einnig til húsa Náttúrustofa Reykjaness (NR), Botndýrarannsóknastöðin (BIOICE) og Fræðasetrið í Sandgerði, en frá upphafi hefur Sandgerðisbær staðið myndarlega að uppbyggingu og rekstri þessara stofnana. Háskólasetrið samnýtir aðstöðuna að Garðvegi 1 með ofangreindum aðilum og eru ýmis rannsóknaverkefni unnin í góðri samvinnu við þá.

Forstöðumaður Háskólaseturs Suðurnesja er dr. Halldór Pálmar Halldórsson sjávarlíffræðingur. Á árinu 2009 hafði einn doktorsnemi og sjö meistaranemar aðsetur í setrinu, auk sérfræðinga frá Líffræðistofnun HÍ.

Í stjórn Háskólasetursins sitja Oddný Harðardóttir, tilnefnd af Sambandi Sveitarfélaga á Suðurnesjum, Guðrún Marteinsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Jörundur Svavarsson, formaður stjórnar, tilnefnd af Háskóla Íslands, Guðmundur Jóhann Árnason, tilnefndur af sjávarútvegsráðuneytinu og Sigurður Valur Ásbjarnarson, tilnefndur af Sandgerðisbæ.

Við Háskólasetur Suðurnesja er megináhersla lögð á rannsóknir á áhrifum mengandi efna á lífverur, lífnaðarhætti fugla og lífríki sjávar. Helstu rannsóknaverkefni á árinu 2009 voru áframhaldandi athuganir á tímgun og útbreiðslu hins nýja landnema grjótkrabba (styrkt af sjávarútvegsráðuneytinu),

rannsóknir á lífríki á hörðum botni á djúpslóð (samvinna við Hafrannsóknastofnun; DEEP-WEST verkefnið) og kortlagning fjara á Reykjanesi (samvinna við NR). Viðamiklar rannsóknir á áhrifum mengandi efna á krækling fóru fram á árinu, þær voru unnar undir handleiðslu forstöðumanns setursins sem hluti af meistaraverkefni erlends nema sem hér dvaldi í fimm mánuði. Háskólasetrið tók einnig þátt í hinu alþjóðlega ICON verkefni þar sem þar sem ýmsum bíómarkerum er beitt til að kanna áhrif mengandi efna á krækling og flundru. Í tengslum við verkefnið dvöldu fjórir erlendir vísindamenn við setrið í tvær vikur við sýnatökur og mælingar. Ásamt mengunarrannsóknunum, voru áframhaldandi athuganir á frumulíffræði kúfskelja í tengslum við öldrun, en tilraunastofusjórinn að Garðvegi 1 er einstaklega hentugur fyrir slíkar rannsóknir vegna hreinleika hans. Smærri verkefni á sviði sjávarlíffræði voru einnig unnin á árinu í samstarfi við innlenda og erlenda aðila, auk rannsókn- og þjónustuverkefna á rannsóknabátnum Sæmundi fróða RE, en forstöðumaður setursins er skipstjóri og umsjónarmaður bátsins. Forstöðumaður setursins sá einnig um hluta verklegrar kennslu í námskeiðum um eiturefnavistfræði og sjávarvistfræði við líffræðiskor HÍ.

Árið 2009 dvaldi m.a. hópur líffræðinema frá St. Andrews Háskóla í Skotlandi við setrið í eina viku og framhaldsnemar í alþjóðlegu námskeiði í fiskavistfræði, á vegum Guðrúnar Marteinsdóttur prófessors við HÍ, dvöldu við setrið í þrjá daga. Gistinætur erlendra fræðimanna og nema sem unnu í tengslum við setrið voru um 300 á árinu.

Þrír meistararnemar við setrið luku við sín verkefni á árinu. Fimm greinar birtust í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum og tíu fyrirlestrar voru haldnir á vísindaráðstefnum og fyrir almenning, ásamt fjölda kynninga á verkefnum við setrið.

Í Háskólasetrinu er sýningin Heimskautin heilla, sem fjallar um líf og störf franska landkönnuðarins Jean-Baptiste Charcot. Charcot, sem fórst við Ísland árið 1936 ásamt 40 manns úr áhöfn rannsóknaskipsins Pourquoi pas? var einn af merkustu landkönnuðum heims og mikill Íslandsvinur. Sýningin, sem er samvinnuverkefni Háskólasetursins og Sandgerðisbæjar, var opnuð árið 2007 og hefur vakið verðskuldaða athygli.

Háskólasetur Snæfellsness, Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands, Stykkishólmi

Háskólasetur Snæfellsness (HS) tók til starfa í apríl 2006. Setrinu er einkum ætlað að efla rannsóknatengda starfsemi á Vesturlandi í samvinnu við innlendar og erlendar vísindastofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Áhersla er lögð á rannsóknir á sérstæðri og alþjóðlega mikilvægri náttúru Breiðafjarðar, Snæfellsness og norðanverðs Faxaflóa.

Háskólasetur Snæfellsness hefur aðsetur í húsnæði Stykkishólmsbæjar, líkt og Náttúrustofa Vesturlands (NSV). Háskólasetrið hefur aðgang að rannsóknastofum. Stykkishólmsbær hefur veitt setrinu mikilvægan stuðning og afnot af íbúð, sem er rekin sameiginlega af HS og NSV til að hýsa gestafræðimenn.

Stjórn setursins skipa: *Fulltrúar Háskóla Íslands*: Rögnvaldur Ólafsson, formaður, Jörundur Svavarsson og Arnþór Garðarsson. *Fulltrúi Stykkishólmsbæjar*: Magnús Ingi Bæringsson. *Fulltrúi Náttúrustofu Vesturlands (NSV)*: Menja von Schmalensee. *Fulltrúi Héraðsnefndar Snæfellinga*: Guðbjörg Gunnarsdóttir.

Forstöðumaður setursins er dr. Jón Einar Jónsson dýravistfræðingur.

Setrið er með skrifstofur í Egilshúsi í Stykkishólmi. Heimasíða setursins er á www.hs.hi.is og setrið heldur einnig úti aðdáendasíðu á Facebook. Fastráðnir starfsmenn eru nú tveir í fullu starfi allt árið, auk tveggja doktorsnema. Tveir BS nemar voru með verkefni sumarið 2009 og mun sá fjöldi haldast a.m.k. sá sami 2010.

Rannsóknir á fuglum hafa verið aðal viðfangsefni HS frá upphafi. Á árinu var rannsóknum á æðarfugli haldið áfram. Jón Einar Jónsson forstöðumaður setursins leiðir sem fyrr rannsóknir á stofnvistfræði þar sem nýtt eru gögn sem æðarbændur hafa safnað og veita aðgang að. Doktorsneminn Þórður Örn Kristjánsson hóf rannsóknir á varplífeðlisfræði æðarkolla í æðarvörpunum í Hvallátrum og á Rifi. Æðarungar voru taldir á Breiðafirði þriðja árið í röð. Veturinn 2009-2010 hófust talningar sem meta kynja- og aldurshlutföll æðarfugls á Suðvesturlandi og Snæfellsnesi, en þessar tölur eru mikilvægar vísitölur á ástand æðarstofnsins. Loks hófst samstarf við dr. Magella Guillemette, prófessor við Rimouski-háskóla í Quebec, Kanada. Hann lánaði Þórði Erni hreiðurhitamæla og sendi BS nemann Christine Chicoine til að kenna notkun þeirra. Christine dvaldi á Rifi í tæpa tvo mánuði á styrk frá Rimouski og fylgdist með atferli æðarkolla og viðbrögðum þeirra við truflun.

Doktorsverkefni um stofnvistfræði kríu hófst 2008. Freydís Vigfúsdóttir vannur nám sitt við University of East Anglia en útvinnna er kostuð af HS og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Árið 2009 bættust þrjár fuglategundir við rannsóknir setursins. Arnþór Garðarsson, prófessor emeritus við HÍ stýrir rannsóknum á stofnvistfræði dílaskarfs, fjölda hreiðra og aldurshlutföllum. Skipulegar talningar á álfum eru í umsjón Unu Kristínar Pétursdóttur. BS verkefni um ritu var unnið sumarið 2009 af Hákonni Ásgeirssyni landverði í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og starfsfólk setursins mun áfram telja rituhreiður á Snæfellsnesi næstu árin í samstarfi við NSV.

Áfram var fylgst með brandöndum í Borgarfirði, þriðja árið í röð.

Háskólasetrið fær fjármagn sitt frá Háskóla Íslands, fjárveitingu gegnum Stykkishólmsbæ og styrkfé úr rannsóknasjóðum. RANNÍS, Framleiðnisjóður landbúnaðarins og Æðarræktarfélag Íslands eru meðal þeirra sem hafa styrkt setrið. Á fjórða tug æðarbænda hafa góðfúslega veitt aðgang að tölum sínum um fjölda hreiðra sem eru ómetanlegar við rannsóknir á æðarstofninum.

Háskólasetur Snæfellsness gaf út sitt fyrsta fréttabréf á árinu. Það er ætlað til að kynna starfsemi setursins og vekja athygli lesenda á ítarefni á heimasíðunni: www.hs.hi.is. Fréttabréfið var prentað í 200 eintökum en er einnig aðgengilegt á heimasíðu setursins.

Starfsfólk setursins tók þátt í tveimur Vísindavökum í tengslum við Dag evrópska vísindamannsins. Rannsóknir á æðarfugli voru kynntar á Vísindavöku RANNÍS í Listasafni Íslands 25. september. Háskólasetrið er hluti af W23 hópnum og tók þátt í Vísindavöku hans í Ólafsvík 14. nóvember.

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum, Bolungarvík

Rannsóknasetrið hóf störf með ráðningu forstöðumanns í nóvember 2007. Háskóli Íslands, Náttúrustofa Vestfjarða og Bolungarvíkurkaupstaður eru samstarfsaðilar og skipa fulltrúar þeirra stjórn setursins ásamt fulltrúa frá Fjórðungssambandi Vestfjarða. Fulltrúar í stjórn eru; Gísli Már Gíslason prófessor, tilnefndur af Háskóla Íslands, Anna Dóra Sæþórsdóttir lektor tilnefnd af Háskóla Íslands, Rögnvaldur Ólafsson dósent, formaður, tilnefndur af rektor Háskóla Íslands. Anna Guðrún Edvarðsdóttir tilnefnd af Bolungarvíkurbæ, Smári Haraldsson tilnefndur af Náttúrustofu Vestfjarða, Úlfar B Thoroddsen tilnefndur af Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Forstöðumaður Rannsókn- og fræðaseturs Háskóla Íslands á Vestfjörðum er dr. Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, náttúrufræðingur.

Forstöðumaður setursins er staðsettur í Bolungarvík en setrið hefur einnig starfsstöð á Patreksfirði. Á árinu 2009 störfuðu 11 sérfræðingar og háskólanemar við rannsóknasetrið um lengri eða skemmri tíma. Í desember 2009 var einn starfsmaður við starfsstöðina í Bolungarvík og sex framhaldsnemar unnu að rannsóknaverkefnum beint tengdum setrinu. Við starfsstöð á Patreksfirði var einn starfsmaður og einn rannsóknanemi. MSc nemi frá Háskólanum á Akureyri/Háskóla Vestfjarða vann sitt verkefni sem hluta af rannsóknum setursins á vistfræði sjávar og hafði aðstöðu og leiðsögn frá setrinu. Þá hafa einn PhD nemi og einn MSc nemi frá Háskóla Íslands haft vinnuaðstöðu við setrið á árinu 2009.

Verkefni rannsóknasetursins hafa einkum verið á sviði náttúrufræða, samfélagsfræða og ferðamála, með áherslu á viðfangsefni sem tengjast náttúruvernd, samfélagsþróun og atvinnumálum á Vestfjörðum. Sem dæmi um verkefni sem unnin hafa verið á árinu má nefna „Viðhorf Íslendinga til landsbyggðarinnar“, „Torfuatferli þorsks“, „Uppbygging ferðapjónustu á Vestfjörðum“, „Myndun og viðhald líffræðilegs fjölbreytileika“, „Uppeldisstöðvar þorskseiða“ og „Atferli þorska í kvíum“. Rannsóknaverkefni sem sérfræðingar setursins stýra hluta á árinu 2009 styrki úr eftirfarandi sjóðum, Rannsóknasjóði Rannsóknaráðs Íslands, AVS - rannsóknarsjóði í sjávarútvegi, Verkefnasjóði sjávarútvegsins, Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Nýsköpunarsjóði námsmanna og Vaxtarsamningi Vestfjarða. Samtals tók setrið eða sérfræðingar á vegum þess þátt í tíu samstarfsverkefnum, sem hafa þegar verið styrkt af rannsóknasjóðum, í samstarfi við háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki innan lands og utan.

Starfsfólk og nemar setursins kynntu niðurstöður fjögurra nemandaverkefna auk stærra þemaverkefnis á alþjóðlegri ráðstefnu í Berlín í nóvember 2009. Auk þess hafa starfsmenn og nemar haldið fjölda fyrirlestra og kynninga bæði á vísindaráðstefnum og fundum fyrir almenning.

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra, Skagaströnd

Fræðasvið setursins er sagnfræði og starfsemi þess hófst síðla árs 2009. Dr. phil. Lára Magnúsdóttir sagnfræðingur tók við starfi forstöðumanns í október 2009. Það er til húsa við Einbúastíg á Skagaströnd þar sem einnig eru skrifstofa menningarfulltrúa Norðurlands vestra og BioPol ehf Sjávarlíftækni-setur. Viðfangsefni setursins verða á sviði réttarsögu og munnlegrar sögu, en starfið er í undirbúningi. Stjórn hefur ekki verið skipuð.

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Norðausturlandi, Húsavík

Setrið var stofnað 2007. Áherslusvið þess eru rannsóknir á sjávarspendýrum, einkum hvöllum. Náð samstarf er við Hvalasafnið á Húsavík. Forstöðumaður setursins er Marianne H. Rasmussen og auk hennar starfar þar doktorsneminn Edda Elísabet Magnúsdóttir.

Í stjórn setursins sitja Rögnvaldur Ólafsson formaður, Páll Hersteinsson, Árni Einarsson, Þorkell Lindberg Þórarinsson, Huld Aðalbjarnardóttir og Gunnlaugur Karl Hreinsson.

Rannsóknastarfsemi

Marianne H. Rasmussen tók þátt í rannsókn á Grænlandi í maí, í samstarfi við Auðlindastofnun Grænlands, Greenlandic Institute of Natural Resources. Fjórir sjálfboðaliðar unnu með Eddu E. Magnúsdóttur doktorsnema sumarið 2009 á Húsavík. Verkefni þeirra fólust í mælingum sem gerðar voru frá vitanum á Húsavík, myndgreiningum og talningu þar sem hvalaskoðunarbatar voru nýttir sem starfsstöðvar. EYRU (Ecological Acoustic Recorders) hafa verið notuð við hljóðupptökur neðansjár í tengslum við rannsóknir setursins og er komin góð reynsla af notkun þeirra.

Maria Iversen vann verkefni um steypiráði við setrið á Húsavík og nýtti sér þar aðstöðu á hvalskoðunarbatum. Marianne H. Rasmussen og Katja V. Peterson tóku þátt í verkefni um háhyrninga í júlí við Vestmannaeyjar í samstarfi við Háskólann í St. Andrews í Skotlandi. Marianne H. Rasmussen vann að verkefni styrktu af RANNIS, með stofnuninni VÖR við Breiðafjörð.

Marianne H. Rasmussen og Dr. Patrick Miller stóðu fyrir námskeiði um sjávarspendýr (LÍF 110F). Námskeiðið var haldið á Húsavík en nemendur voru frá Háskóla Íslands (2), Háskólanum á Akureyri (1), Háskólasetri Vestfjarða (2) og Háskólanum í St. Andrews, Skotlandi (10). Marianne H. Rasmussen hélt fjóra fyrirlestra í Reykjavík (FER102G Náttúrufræði).

Edda og Marianne tóku þátt í vísindavökunni sem haldin var í Reykjavík í september 2009.

Setrið tekur þátt í verkefni sem skoða má á www.thewildnorth.org og vinnustofa var haldin í Þórshöfn í október 2009.

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Austurlandi, Egilsstöðum

Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands á Austurlandi var stofnað árið 2008 en starfsemi þess var stopul þar til síðla árs 2009. Meginviðfangsefni setursins er samfélagsþróun í alþjóðlegu og staðbundnu samhengi. Forstöðumaður setursins er dr. Valdimar Briem, sálfræðingur, og hóf hann störf seint á árinu 2009.

Setrið er til húsa í Vonarlandi á Egilsstöðum þar sem einnig eru þekkingarnet Austurlands, Náttúrustofa Austurlands og fleiri stofnanir. Setrið hefur náið samstarf við ýmsar fræðastofnanir innan og utan svæðisins. Það er fyrsta fræðasetur Háskóla Íslands á landsbyggðinni á sviði félagsvísinda. Í stjórn sitja fulltrúar skipaðir af Háskóla Íslands, þau Irma Erlingsdóttir, Magnfríður Júlíusdóttir og Rögnvaldur Ólafsson (formaður), auk þeirra Bjarnar Hafþórs Guðmundssonar, sem tilnefndur var af Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Höllu Eiríksdóttur, sem tilnefnd var af Sveitarstjórn Fljótshéraðs, og Sigrúnu Harðardóttur, sem tilnefnd var af Þekkingarneti Austurlands.

Meginhlutverk setursins er rannsóknir á þróun samfélags og menningar á Austurlandi í staðbundnu og alþjóðlegu samhengi, fyrst og fremst byggða- og atvinnuþróun, en einnig rannsóknir á afleiðingum samfélags- og skipulagsbreytinga fyrir íbúa svæðisins, afkomu þeirra og líðan almennt. Lögð er áhersla á fræðilegar rannsóknir, úttektir og ráðgjöf varðandi forsendur sjálfbærrar atvinnu- og byggðapróunar, auk aðgerða til að styrkja þekkingarsamfélagið og uppbyggingu þess. Í samræmi við þessi markmið starfar setrið í náninni samvinnu við ýmsar stofnanir s.s. sveitarstjórn Fljótshéraðs og Þekkingarnet, Náttúrustofu og Vaxtarsamning Austurlands.

Rannsóknarverkefni, sem nú er unnið að eða eru í undirbúningi:

1. *Þróun byggðar, atvinnu og menningar á Austurlandi.* Fyrir liggja drög að greiningu á áhrifum breyttra atvinnuhátta og -möguleika síðustu áratuga á þróun íbúafjölda svæðisins. Stefna þessarar þróunar gefur fjölmargar vísbendingar um þá möguleika, sem hafa verið og eru fyrir hendi, og þá ýmsu þætti, sem ákvarða hagvöxt svæðisins. Hér er m.a. litið til þess, hvernig íbúafjöldinn tengist hagrænum öflum í þjóðfélaginu almennt.
2. *Mannlíf á Austurlandi á tímum stóriðju og kreppu.* Í þessu verkefni varða rannsakaðar og raktar breytingar á högum vinnandi fólks á svæðinu á síðustu árum og skoðað hvernig breytt atvinnutækifæri og afkoma íbúanna hafa í för með sér breytingar á líðan og lífsviðhorfum þeirra.
3. *Framtíðarsýn ungmenna á Austurlandi.* Líklegt má telja, að viðhorf ungmenna svæðisins ákvarði hvað þau taka sér fyrir hendur og hvar þau setjast að í framtíðinni, val þeirra mun móta þróun byggðar og menningar svæðisins til framtíðar. Verkefnið verður byggt á skoðanakönnunum og viðtölum við ungmenni á efri skólastigum. Verða tengingar milli þessara þátta greindar, og þeir möguleikar athugaðir, sem líklegast þykir, að nota mætti í þágu sjálfbærrar þróunar.